



Fjölbrautaskóli Suðurlands

FÉLA1SA05

ERGÓ A

Námsáætlun haustönn 2024

Kennarar:

Hópur 1: Elvar Ingimundarson (EI) elvari@fsu.is og Guðmundur Björgvin Gylfason (GBG) gbg@fsu.is

Hópur 2: Halldóra Björk Guðmundsdóttir (HBG) halldora@fsu.is og Karl Sigtryggsson (KAS) karl.sigtryggsson@fsu.is

Hópur 3: Anna Kristín Valdimarsdóttir (AKV) annakristin@fsu.is og Þórunn Sif Ólafsdóttir (ÞSÓ) thorunn.sif@fsu.is

Hópur 4: Ingunn Helgadóttir (IH) ingunn@fsu.is og Tómas Davíð Ibsen Tómasson (TDT) tomas@fsu.is

Hópur 5: Eva Dögg Jafetsdóttir (EDJ) evadogg@fsu.is og Sölvi Snær Jökulsson (SSJ) solvis@fsu.is

Hópur 6: Hekla Þöll Stefánsdóttir (HPS) hekla@fsu.is og Guðmundur Garðar Sigfússon (GGS) gudmundurg@fsu.is

Hópur 7: Tómas Davíð Ibsen Tómasson (TDT) tomas@fsu.is og Brynja Valgeirsdóttir (BV) brynjav@fsu.is

Áfangalýsing

Orðið ergó er latína og þýðir þess vegna eða þar af leiðir en áfanginn hefur það megin markmið að þjálfa nemendur í gagnrýnni hugsun. Það er mikilvægt að leggja sig fram um að mynda sér skoðun og að samhengi sé í hugsuninni, að eitt leiði af öðru með rökum í stað þess að skoðanir séu gripnar úr lausu lofti.

Í áfanganum læra nemendur vinnubrögð sem eru mikilvæg í framhaldsskólanámi, bæði í einstaklings- og hópverkefnum. Ásamt því að fá leiðsögn og æfingu í að kynna verkefni sín með fjölbreyttum hætti fyrir samnemendur og kennara. Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna eru rauður þráður í áfanganum og markmið hans eru að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun og verði upplýstir borgarar, sem geta greint fordóma og kunna skil á mannréttindum. Einnig er lögð áhersla á lífsleikni sem þjálfar færni nemenda til að takast á við lífið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Inntak og efni lífsleikinnar eru:

- Við sjálf. Heilsa okkar, hamingja, framkoma, hegðun og líðan.
- Tengsl okkar við aðra. Að sýna öðrum manneskjum skilning og geta sett sig í spor annarra - að vera þroskaður, félagslega og tilfinningalega.
- Skólinn okkar og samfélagið þar fyrir utan.

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun
- mikilvægi gagnrýnnar hugsunar
- helstu réttindum og skyldum borgara er lúta að mannréttindum, lýðræði og jafnrétti

- helstu réttindum og skyldum á vinnumarkaði
- áhrifum fjölmiðla/samfélagsmiðla á sjálfsmynd
- upplýsingaöflun og úrvinnslu
- leiðum til að efla samskiptafærni sína sem felur meðal annars í sér
 - o færni í samvinnu
 - o að sýna tillitssemi
 - o að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
 - o að setja sig í spor annarra
 - o að hlusta á aðra og sýna kurteisi

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- virða og átta sig á tilgangi leikreglna í mannlegum samskiptum
- geta sett hugtakið jafnrétti í margbreytilegt samhengi
- geta tjáð hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar
- flytja mál sitt á skýran og áhugaverðan hátt
- skipuleggja og taka þátt í verkefnavinnu
- eiga góð samskipti í hópavinnu
- draga saman aðalatriði og gera grein fyrir þeim
- afla upplýsinga úr heimildum, meta þær og nýta á viðurkenndan hátt
- færa rök fyrir skoðunum sínum og afstöðu
- tengja Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna við málefni líðandi stundar
- setja sig í spor annarra

Hæfniviðmið: Nemandi skal í lok áfanga geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá skoðanir og afstöðu til álitamála með rökum og virðingu fyrir andstæðum sjónarmiðum
- velja sér viðfangsefni við hæfi og gera grein fyrir þeim
- kynna sér viðfangsefni til hlítar
- setja sér markmið með hliðsjón af eigin áhuga og hæfni
- leggja sitt af mörkum í samskiptum og samvinnu

Námsefni: Engin kennslubók er í áfanganum en kennarar munu deila rafrænu efni með nemendum yfir önnina.

Sérreglur áfangans:

- Til að standast áfangann verða nemendur að ná 4,5 að meðaltali fyrir verkefni. Áfanginn er símatsáfangi sem þýðir að ekki er lokapróf en einkunn er gefin út frá verkefnum.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um verkefnaskil. **Ef hann missir af hópaverkefni verður hann að skila því sem einstaklingsverkefni** í samráði við kennara.
- Skil á verkefnum og virkni í tímum er forsenda þess að standast áfangann. Því er mikilvægt að nemendur mæti vel í tímuna, séu virkir þar og virði skilafrest verkefna. Ef nemandi skilar of seint dregst **0,5** af einkunn fyrir hvern dag umfram skilafrest ef ekki hefur verið samið um annað við kennara. **Að sjö dögum liðnum umfram skilafrest er ekki möguleiki að fá hærri einkunn en 5 fyrir verkefni.**

- Allir nemendur eru skráðir í Innu og þar munu verkefni og mikilvægar upplýsingar birtast og því þurfa nemendur að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Flestum verkefnum þarf að skila á Innu.
- Símanotkun tengd náminu er leyfileg í samráði við kennara. **Ef nemandi er í símanum án samráðs við kennara má kennari gefa viðkomandi F fyrir kennslustundina.**
- **Fjarvera úr kennslustund lengur en 15 mínútur jafngildir fjarvist nema um annað sé samið.**
- Verkefni unnin af öðrum gefa einkunnina 0 og verða valin verkefni skoðuð með Turnitin

Námsmat:

Skil á verkefnum og virkni í tímum er forsenda þess að standast áfangann.

Áfanginn er símatsáfangi og því gilda ÖLL verkefni til lokaeinkunnar.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Skilaverkefni	Í flestum lotum eru skilaverkefni sem metin eru til einkunnar (6-7 verkefni yfir önnina). Þau eru ýmist hóp-, para-, eða einstaklingsverkefni og eru að mestu unnin í kennslustundum en það má einnig gera ráð fyrir heimavinnu einstaka sinnum. heima. Nánari útlitun á heiti verkefna og vægi á Innu síðar.	60%
Hugleiðingabók	Hugleiðingabókin er unnin jafnt og þétt yfir önnina, lokaskil við lok annar. Nánari útlitun á inntaki hugleiðingabókar kemur fram í verkefnislýsingu/umræðum í Innu.	20%
Þátttaka og virkni	Þátttaka og virkni í áfanganum er með ýmsum hætti, s.s. tímaverkefni, þátttaka í umræðum, virkni í tímum, einstaklings, para- og hópverkefnum. Námsmatið er í flestum tilfellum Lokið/Ólokið (0 eða 10)	20%
Samtals		100%



Vinnuáætlun - Ergó A - haustönn 2024

Dagsetningar:	Viðfangsefni:	Vinnubrögð og verkefni	
19.- 23 ágúst 26- 30. ágúst	Lota 1 Námsáætlun áfangans kynnt. Lífsleikni, upplýsingatækni og menning FSu.	Ýmis stutt þátttöku og virkniverkefni sem tengjast upplýsingatækni og fyrstu skrefunum í kennsluumhverfi FSu (365 og INNA) ásamt hópefli. Verkefni í Hugleiðingabók ásamt þátttöku og virkni verkefnum.	AKV ÞSÓ HPS GGS
2.-6. sept. 9.-13. sept.	Lota 2 Kynning á Heims- markmiðunum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og lífsleikni.	Verkefni um hópavinnu (deila skjali milli allra, skipta upp verkefnum) ásamt hópefli. Verkefni í hugleiðingabók.	
16.- 20. sept. 23.-27. Sept.	Lota 3 Réttindi og skyldur á vinnumarkaði.	Ýmis stutt þátttöku og virkniverkefni sem unnin eru í tímum sem tengjast viðfangsefnum lotunnar. Gestafyrirlesari. Verkefni í Hugleiðingabók.	GBG EI IH TDT
30. Sept. -4. okt. 7.-11. okt. Valdagur	Lota 4 Fjármálalæsi	Ýmis stutt þátttöku og virkniverkefni sem snúa fjármálalæsi ásamt hópefli, nánar síðar. Verkefni í Hugleiðingabók. Gestafyrirlesari.	
14.-18. okt. Miðannarmat Haustfrí 21.-25. okt.	Lota 5 <i>Skrap og verkefnaskil fyrir miðannarmat.</i> Jafnrétti og kynjafræði Gestafyrirlesarar	Ýmis þátttöku og virkniverkefni sem falla um jafnrétti og kynjafræði. Verkefni í hugleiðingabók.	SSJ, EDJ HB, KAS
28. okt – 1. nov 4.-8. nov.	Lota 6 Borgaravitund, mannréttindi og lýðræði	Ýmis þátttöku og virkniverkefni sem tengjast borgaravitund, mannréttindum og lýðræði. Verkefni í Hugleiðingabók.	
11.-15. nov. 18. -22. Nov	Lota 7 Mannkostamenntun Hver er ég? Styrkleikar	Verkefni í Hugleiðingabók og ýmis þátttöku og virkniverkefni.	BV, TDT
25.-29. nov 2. des – 6. des 9. - 11. des	Lokaverkefni. -Skrap	Lokaverkefni: Borðspil/spilað saman í salnum. Lokahönd lögð á hugleiðingabókina sem gildir 20% af lokaeinkunn	SSJ, KAS

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

Með von um góða og skapandi samvinnu,

16. ágúst 2024

Ergókennarar.